

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Á eftir sjúkraliðabraut á bls. 151 kemur lýsing á nýrri námsbraut:

Framhaldsnám sjúkraliða (SF)

43 einingar

Framhaldsnám sjúkraliða hefur þann tilgang að auka færni og þekkingu sjúkraliða til þess að hjúkra öldruðum í samræmi við markmið hjúkrunar og nýjar hugmyndir í öldrunarfræðum, en einnig að auka sjálfstæði og ábyrgð sjúkraliða í störfum sínum innan og utan stofnana. Námið er samtals 43 einingar, tekur tvær annir í skóla og jafnframt er gert ráð fyrir 8 vikna starfsþjálfun undir leiðsögn hjúkrunarfræðings á stofnun fyrir aldraða.

Brautarlýsing

Heilbrigðisfræði	HBF 303
Hjúkrun	HJÚ 133, 234, 334
Hjúkrun, verkleg	HJV 108
Inngangur að kennslufræði	IAK 102
Lífeðlisfræði	LOL 312
Lyfhrifafræði	LHF 213
Sálfræði	SÁL 113, 213
Stjórnun	STJ 102
Upplýsingatækni	UTN 113, 213

Samtals

43 einingar

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 26. febrúar 2002.

Björn Bjarnason.

Sólrún Jensdóttir.